

## LÖG

### um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur (einföldun, búsetuskilyrði).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

#### Breyting á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum.

##### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. 2.–5. másl. 2. mgr. falla brott.
- b. Á eftir orðinu „samlagsfélög“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: skráð félagasamtök, lífeyris-sjóðir.

##### 2. gr.

3. másl. 3. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

##### 3. gr.

Við 2. másl. 6. tölul. 2. mgr. 9. gr. laganna bætist: eða skoðunarmanna.

##### 4. gr.

Í stað orðanna „hinn samningsaðilinn“ í 3. mgr. 15. gr. laganna kemur: viðsemjandinn.

##### 5. gr.

Í stað orðsins „ráðherra“ í 3. másl. 18. gr. laganna kemur: hlutafélagaskrá.

##### 6. gr.

1. másl. 19. gr. laganna orðast svo: Við hækkun hlutafjár skulu hlutirnir greiddir að fullu í síðasta lagi einu ári eftir að ákvörðun um hækkun hlutafjár var tekin.

##### 7. gr.

Í stað orðsins „Stjórnendur“ í 5. mgr. 27. gr. laganna kemur: Stjórnarmenn.

## 8. gr.

Í stað orðanna „tveggja vikna“ í 1. másl. 1. mgr. 49. gr. laganna kemur: mánaðar.

## 9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Missi stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar hæfi skulu þeir upplýsa hlutafélagaskrá um það. Hlutafélagaskrá hefur heimild til að afskrá stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra sem missa hæfi sem slíkir.
- b. Í stað 2. másl. 2. mgr. koma þrír nýir málsliðir, svohljóðandi: Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og þá sem eru búsettir á Evrópska efnahagssvæðinu. Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga. Búsetuskilyrði gildir annars vegar um stjórn og hins vegar um varastjórn.

## 10. gr.

Við 2. másl. 83. gr. laganna bætist: að mati stjórnar.

## 11. gr.

Í stað orðanna „þegar í stað“ í 2. mgr. 93. gr. laganna kemur: innan mánaðar.

## 12. gr.

Við 109. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skráning stjórnar og framkvæmdastjóra í hlutafélagaskrá skal standa óbreytt eftir að héraðsdómari hefur kveðið upp úrskurð um að bú hlutafélags verði tekið til skipta.

## 13. gr.

Orðin „svo og öll skjöl og bækur félagsins“ í 2. mgr. 116. gr. laganna falla brott.

## 14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 128. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „tveggja vikna“ í 1. másl. kemur: mánaðar.
- b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sé samruni ekki tilkynntur til hlutafélagaskrár innan mánaðar telst samruninn niður fallinn.

## 15. gr.

Í stað 1. mgr. 141. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, 1. og 2. mgr., svohljóðandi:

Tilkynna skal hlutafélagaskrá stofnun útibús erlends hlutafélags. Ákvæði XVII. kafla um skráningu hlutafélaga varðandi tilkynningar um stofnun félaganna skulu gilda eftir því sem við á. Í tilkynningu um stofnun útibús skal greina:

1. Nafn félagsins.
2. Lögheimili félagsins.
3. Skráningarstað félagsins.
4. Lagalegt form félagsins.
5. Skráningarnúmer félagsins.
6. Hlutafé félagsins.
7. Tilgang félagsins.
8. Stjórn félagsins.

9. Heiti útibúsins.
10. Heimilisfang útibúsins á Íslandi.
11. Tilgang útibúsins.
12. Nafn, kennitölu og heimilisfang útibússtjóra.
13. Prókúruumboð.

Með tilkynningu skulu fylgja eftirfarandi gögn:

1. Skráningarvottorð félagsins.
2. Síðasti ársreikningur félagsins.
3. Starfsumboð útibússtjóra frá stjórn félagsins.

## II. KAFLI

### **Breyting á lögum um einkahlutafélög, nr. 138/1994, með síðari breytingum.**

#### 16. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. 2. mgr. fellur brott.
- b. Á eftir orðinu „samlagsfélög“ í 1. másl. 3. mgr. kemur: skráð félagasamtök, lífeyris-sjóðir.

#### 17. gr.

2. másl. 3. mgr. 5. gr. laganna fellur brott.

#### 18. gr.

Við 2. mgr. 18. gr. a laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ákvæði 4. mgr. 14. gr. gildir eftir því sem við á.

#### 19. gr.

Við 1. mgr. 19. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Stjórnin skal gæta þess að hlutaskráin geymi réttar upplýsingar á hverjum tíma.

#### 20. gr.

Í stað orðanna „tveggja vikna“ í 1. másl. 1. mgr. 32. gr. laganna kemur: mánaðar.

#### 21. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Missi stjórnarmenn eða framkvæmdastjóri hæfi skulu þeir upplýsa hlutafélagaskrá um það. Hlutafélagaskrá hefur heimild til að afskrá stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra sem missa hæfi sem slíkir.
- b. Í stað 4. og 5. másl. 2. mgr. koma þrjú nýir málslíðir, svohljóðandi: Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og þá sem eru búsettir á Evrópska efnahagssvæðinu. Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga. Búsetuskilyrði gildir annars vegar um stjórn og hins vegar um varastjórn.

#### 22. gr.

Við 2. másl. 58. gr. laganna bætist: að mati stjórnar.

23. gr.

Á eftir orðunum „1.–4. mgr.“ í 5. mgr. 63. gr. laganna kemur: sem og 1. mgr. 62. gr.

24. gr.

Í stað orðanna „þegar í stað“ í 2. mgr. 68. gr. laganna kemur: innan mánaðar.

25. gr.

Við 84. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Skráning stjórnar og framkvæmdastjóra félags í hlutafélagaskrá skal standa óbreytt eftir að héraðsdómari hefur kveðið upp úrskurð um að bú hlutafélags verði tekið til skipta.

26. gr.

Orðin „svo og öll skjöl og bækur félagsins“ í 2. mgr. 91. gr. laganna falla brott.

27. gr.

Á eftir orðinu „hugsanlegt“ í 1. tölul. 95. gr. laganna kemur: erlent.

28. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 103. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „tveggja vikna“ í 1. másl. kemur: mánaðar.
- b. Við bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Sé samruni ekki tilkynntur til hlutafélagaskrár innan mánaðar telst samruninn niður fallinn.

29. gr.

Í stað 1. mgr. 115. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, 1. og 2. mgr., svohljóðandi:  
Tilkynna skal hlutafélagaskrá stofnun útibús erlends einkahlutafélags. Ákvæði XVII. kafla um skráningu einkahlutafélaga varðandi tilkynningar um stofnun félaganna skulu gilda eftir því sem við á. Í tilkynningu um stofnun útibús skal greina:

1. Nafn félagsins.
2. Lögheimili félagsins.
3. Skráningarstað félagsins.
4. Lagalegt form félagsins.
5. Skráningarnúmer félagsins.
6. Hlutfé félagsins.
7. Tilgang félagsins.
8. Stjórn félagsins.
9. Heiti útibúsins.
10. Heimilisfang útibúsins á Íslandi.
11. Tilgang útibúsins.
12. Nafn, kennitölu og heimilisfang útibússtjóra.
13. Prókúruumboð.

Með tilkynningu skulu fylgja eftirfarandi gögn:

1. Skráningarrvottorð félagsins.
2. Síðasti ársreikningur félagsins.
3. Starfsumboð útibússtjóra frá stjórn félagsins.

III. KAFLI

**Breyting á lögum um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur,  
nr. 33/1999, með síðari breytingum.**

30. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Missi stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar hæfi skulu þeir upplýsa sjálfseignarstofnanaskrá um það. Sjálfseignarstofnanaskrá hefur heimild til að afskrá stjórnarmenn eða framkvæmdastjóra sem missa hæfi sem slíkir.
- b. Í stað 2. másl. 2. mgr. koma tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Búsetuskilyrðið gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og þá sem eru búsettir á Evrópska efnahagssvæðinu. Búsetuskilyrðið gildir ekki heldur um ríkisborgara aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyinga.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 19. maí 2017.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Pórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir.*